



Umhverfisnefndarfundur 24. október 2017

Mættir: Sirrý, Haukur, Alla, Oliwia, Gunnlaugur, Magnús Veigar, Harpa, Elín Victoría, Kristófer Hrafn, Irma Ósk, Ragna Margrét, Agnes Día, Guðrún Renata, Hjörvar Ingi og Þröstur Óli (Reimar Atli og Tina voru veik).

- Fundur var settur
- Fundarefni síðasta fundar var rifjað upp.
- Nýtt markmið
 - Byrjað var á nýju markmiði, í gær, í þemanu *Hnattrænt jafnrétti* (Að vinna markvisst með þjóðerni barna og starfsfólks leikskólans og fá upplýsingar um hagi barna í þeim löndum). Ákveðið var að hóparnir tveir myndu vinna saman að þessu markmiði. Fyrst fengu börnin smá landafræðikennslu. Að því loknu var rætt um þjóðerni og fengu börnin á deildinni að benda með priki á þá þjóðir sem þau tengjast, sem eru: Ísland, Lettland, Svíþjóð, Pólland, Hondúras, Danmörk og Þýskaland. En eitt á áttu þau þó öll sameiginlegt – þau eiga öll heima á Íslandi. Einnig voru fánarnir skoðaðir.
- Skrifað var bréf til hennar Tjorven í Þýskalandi. Þar sem við spurðum hana ýmissa spurninga um líf hennar í Þýskalandi sem um hagi barna í Þýskalandi. Ætlum að teikna nokkrar myndir og senda þær með bréfinu til Þýskalands.
- Ræddum um fuglamarkmiðið og um mikilvægi þess að vera dugleg að fódra þá. Erum duglega að gefa krumma. Tókum stöðuna á fódurbirgðum. Ákveðið var að biðja Elínu Önnu að um að kaupa meira og smærra fóður fyrir smáfuglana og fóðurkúlur.
 - Stóra fræið!
 - Hvað getum við gert við stóru fræin? Hugmyndir frá börnunum um það hvernig við getum mulið það í smærra fóður:
 - Skera með hníf fyrir litlu fuglana
 - Stappa á því
 - Búa til vél – brjótivél
 - Kremja með einhverju
 - Gefa Krumma bara stóru fræin.
- Næsti fundur verður föstudaginn 26. janúar 2018
- Fundi slitið